

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 15. maí 2023
UST202304-029/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 og á deiliskipulagi á Röndinni á Kópaskeri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 4. apríl sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 og á deiliskipulagi á Röndinni á Kópaskeri

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka iðnaðarsvæði fiskeldis á Röndinni úr 4,3 ha. í 7,3 ha og skipulagssvæðið úr 9,1 ha í 10,3 ha. Auk þess segir að í gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlunum er gert ráð fyrir að öll vatnstaka vegna eldisins fari fram innan iðnaðarlóðar en nú er fyrirhugað að afmarka nýtingarland vatnstöku á svæði utan reitsins til að geta fjölgað borholum fyrir jarðsjó. Er það gert til að dreifa fyrirhugaðri vatnstöku og minnka álag á grunnvatn.

Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 8 borholum innan lóðar en sú breyting er gerð að borholum fjölgar í 24 og verða þær staðsettar innan lóðar eða á skilgreindu nýtingarlandi vatnstöku. Vatnsnotkun skv. gildandi deiliskipulagi er um 150 l/sek. að ársmeðaltali en sú breyting er gerð að vatnsnotkun eykst í um 980 l/s á ári, en vatnstaka úr borholum verður mest 2.160 l/sek. Einnig kemur fram að hámarkslífmassi fiskeldisstöðvarinnar eykst úr 400 tonnum af laxi í 2.700 tonn.

Auk þess gerir breytingin ráð fyrir að innan byggingarreita A fyrir kerjapalla/fiskeldisker og eldishús er heimilt er að byggja 1-4 skýli eða hús fyrir öll ker innan hvors byggingarreits en áður var aðeins gert ráð fyrir einu skýli eða húsi fyrir öll ker innan hvors byggingarreits.

Innan byggingarreits A1 fyrir kerjapalla/fiskeldisker, eldishús og þjónustubyggingu er heimilt er að byggja 1-4 skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits (1-2 skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall) en áður var aðeins gert ráð fyrir tveimur skýlum eða húsum fyrir öll ker innan byggingarreits (eitt skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall).

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur